



17. ALPJÓÐLEGA FORNSAGNAÞINGID
REYKJAVÍK OG REYKHOLTI
12.-17. ÁGÚST 2018
■
FORNSAGNAÞING2018.HI.IS

Reykjavík, í október 2016.

Kæru vinir og kollegar,

Það er okkur sérstök ánægja að bjóða ykkur velkomin til Sautjándra alþjóðlega fornsagnaþingsins sem haldið verður í Reykjavík og Reykholti 12.–17. ágúst 2018.

Með þessu fyrsta umburðarbréfi viljum við fyrst og fremst vekja athygli á þemum þingsins og á vefsíðunum www.fornsagnaþing2018.hi.is þar sem allar upplýsingar verða smám saman aðgengilegar.

Yfirskrift þingsins verður ÍSLENDINGA SÖGUR en jafnframt verður þess minnst að árið 2018 verða 900 ár frá upphafi lagaritunar á Íslandi. Við áætluðum að skipa málstofum undir fjögur meginþemu. Þau eru:

UPPRUNI OG MIÐLUN
LIST SAGNA
HEIMSMYND
MEÐ LÖGUM SKAL LAND BYGGJA.

Auk hefðbundinna fyrirlestra verða rannsóknir kynntar á veggspjöldum og einnig verður efnt til sérstakra málstofa undir hverju þema þar sem lögð er áhersla á samræður þátttakenda um tiltekið efni.

Ráðstefnan fer að mestu fram í Háskóla Íslands í Reykjavík en þriðjudaginn 14. ágúst verður þingað í Reykholti í Borgarfirði. Þá verður haldið í skoðunarferðir fimmtudaginn 16. ágúst og loks verður bryddað upp á því nýmæli í sögu fornsagnaþinga að bjóða upp á lengri skoðunarferð að loknu þingi. Áætlað er að halda í tveggja daga ferð um Húnaþing og Skagafjörð dagana 18.–19. ágúst, ef næg þátttaka fæst.

Um skráningu á þingið sér ráðstefnuþjónustan CP Reykjavík.

Hér eru nokkrar mikilvægar dagsetningar:

Október 2016: Fyrsta umburðarbréf sent til væntanlegra þátttakenda.

Febrúar 2017: Annað umburðarbréf, ráðstefnukall, sent út.

1. júní 2017: Skilafrestur útdráttar.

Október 2017: Rýni útdráttar lokið.

Desember 2017: Þriðja umburðarbréf – dagskrá birt, skráning hefst.

Fyrirspurnir um skipulag ráðstefnunnar, dagskrá og fyrirlestra skal senda á netfangið fornsagnaþing2018@hi.is.

Fyrirspurnir um skráningu og gistingu skal senda til Ingibjargar Hjálmsfríðardóttur hjá CP Reykjavík, imma@cpreykjavik.is

Þetta umburðarbréf er sent til allra þátttakenda síðustu þriggja fornsagnaþinga. Vinsamlegast sendið það áfram til áhugasamra.

Við hlökkum til þess að sjá ykkur á Íslandi 2018!

Fyrir hönd undirbúningshópsins,

GÍSLI SIGURÐSSON

GUÐRÚN NORDAL

HARALDUR BERNHARÐSSON

SIF RÍKHARÐSDÓTTIR

SVANHILDUR ÓSKARSDÓTTIR